

Um þetta efni er yður hér með kunngjört, að bæði eptir 1861.  
orðum hins opna bréfs og þeim umræðum, sem áður urðu um 30. ágústm.  
lagaboð þetta á alþingi, ber að álíta, að það einnig nái til  
þeirra tómthúsa, sem eru á jörð þeirri, er að ofan er nefnd,  
að svo miklu leyti, sem engu lóðargjaldi hefir verið af þeim  
svarað, áður en lagaboðið kom út.

**52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnar- 30. ágústm.  
innar, um vöruskrár og heilbrigðisskýrteini.**

Að undirlagi hins konunglega kaupræðismanns í Liverpool  
hefir utanríkisstjórnin í bréfi 31. f. m. spurt um, hvort enn sé  
naðsýn á, að kaupræðismenn staðfesti vöruskrár og heilbrigðis-  
skýrteini þeirra skipa, sem ætla að fara til Íslands og Færeyja,  
svo sem fyrir er mælt í 8. grein í lögum 15. aprílm. 1854,  
og hvort haldið skuli áfram að heimta borgun þá, sem ákveðin  
er fyrir staðfesting þessa.

Þessu leyfir dómsmálastjórnin sér að svara á þá leið: að  
með því lagaákvörðun sú, sem nú var getið, enn er í gildi,  
þá leiðir beina leið af því, að staðfesting sú, sem hér er um  
rætt, framvegis er nauðsynleg; og þar sem hinn konunglegi  
kaupræðismaður hefir sagt, að ýmsir skipstjórar hafi skýrt hon-  
um frá, að vöruskrárnar séu aldrei heimtaðar af þeim, og heil-  
brigðisskýrteini að eins sjaldan, þá skal þess getið, að vöruskrár  
hafa á ári hverju verið sendar stjórnarráðinu samkvæmt lögum,  
og eru þar á meðal nokkrar, sem hinn konunglegi kaup-  
ræðismaður í Liverpool hefir staðfest.

**53. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 30. ágústm.  
og amtmannanna á Íslandi, um vöruskrár og heil-  
brigðisskýrteini.**

Þaræð ráða má af skýrslu, er hingað hefir komið frá utan-  
ríkisstjórninni, að ekki er ætíð heimtað af skipstjórunum vöruskrár

1861. og heilbrigðisskýrteini, svo sem fyrir er skipað í verzlunarlögun-  
 30. ágúst. um frá 15. apríl. 1854, þá skorar nú dómsmálastjórnin á  
 yður herra (tit.), að þér brýnið það fyrir sýslumönnum (í bréf-  
 inu til stiptamtanns: bæjarfógetanum og sýslumönnum) þeim,  
 sem þér eruð yfir skipaðir, að þeir eigi vandlega að gæta laga-  
 ákvarðana þeirra, er nú voru nefndar.

30. ágúst. **54. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins  
 yfir Íslandi, um lán handa Reykjavíkur bæ.**

Nokkrir af íbúum Reykjavíkurbæjar hafa í bænarskrá, er  
 hingað kom með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu  
 13. júním. þ. á., sótt um, að bæ þessum sé leyft að taka  
 4000 ríkisdala lán, er í 28 ár í röð verði goldnir af 6 af  
 hundrði í leigu og borgun höfuðstólsins, til þess ráðin verði  
 bót á bjargræðisskortri þeim, sem nú sé meðal fátæklinga þar í  
 bænum, á þann hátt, að þeim gefist kostur á að fá atvinnu við  
 verk, er framkvæmd skuli fyrir kaupstaðinn þetta árið.

Um leið og þér senduð hingað bænarskrá þessa, sem  
 bæjarfulltrúarnir hafa mælt fram með, að veitt verði áheyrsla,  
 þó svo, að lánið eigi nemi meiru en 2700 ríkisdöllum, hafið þér,  
 herra stiptamtmaður, meðal annars getið þess, að það, að yðar  
 álit, sé mjög vafasamt, hvort og að hve miklu leyti lán það,  
 er menn æskja, geti orðið að þeim notum, sem til er ætlazt,  
 og að það að minnsta kosti sé mjög ísjárvert að þyngja á svo  
 fátæku bæjarfélagi, sem Reykjavík er, með svo mikilli skuld,  
 einkum þaræð óumflýjanlegt verði fyrir bæinn að taka töluvert  
 lán vegna barnaskólans, sem nú á að stofna þar. Auk þessa hafið  
 þér bent á, að kjör manna í bænum séu enn ekki orðin svo  
 bág, eður svo mikil hætta á ferðum, sem ráða megi af bæn-  
 arskránni; en með því það á hinn bóginn sé rétt hermt, að  
 sá hluti bæjarbúa, sem að mestu eigi bjargræði sitt undir sjávar-  
 aflanum, nú sem stendur eigi að nokkru leyti við bág kjör að  
 búa, og að þess vegna megi fyrir sjá, að fátækra sjóðurinn